

**Nr. 091 / 13 Klara BA 51****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6452  
Smíðaður: Vogar 1981, plast  
Stærð: 4,17 bt  
Mesta lengd: 7,99 m Skráð lengd: 7,97 m  
Breidd: 2,12 m Dýpt: 1,01 m  
Vél: Volvo Penta 118 kW, 1987  
Fjöldi skipverja: 1



Klara©Fiskifrétir

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2013 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 13. júní 2013 var Klara BA 51 á siglingu innarlega á Breiðafjarðarfláka. Veður: NV 3-4 m/sek. (veðurathugun á Gufuskálum kl. 18:00)

Sigt var á 18 hnúta hraða þegar eitthvað lenti í skrúfunni svo að hún og drifið brotnaði.

Skipstjóri hafði samband við Vaktstöð siglinga og óskaði eftir aðstoð. VS bað Leif RE 220, sem var á landleið, að fara til aðstoðar. Dró Leifur bátinn upp undir Rif þar sem Hvalsá tók við drættinum inn til Ólafsvíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjóri sagðist bara orðið var við eitt högg frá skrúfunni.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.